

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
srn@srn.is



Reykjavík, 18. febrúar 2021

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017

Hinn 4. febrúar sl. birti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017, með síðari breytingum. Í drögunum eru lagðar til tvenns konar breytingar á gildandi lögum. Þar er m.a. lagt til að bætt verði við lögum skilgreiningu á tímabundnum farþegaflutningum (gestaflutningum) sem flutningafyrirtæki með staðfestu í löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins starfrækja hér á landi gegn gjaldi á grundvelli Bandalagsleyfis. Samtök ferðaþjónustunnar – SAF hafa farið yfir ofangreind drög og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Almennt

Á undanförunum árum hefur ferðaþjónustustarfsemi erlendra fyrirtækja með erlenda starfsmenn hér á landi vaxið mikið. Í flestum tilfellum eru erlendir starfsmenn ráðnir af erlenda fyrirtækinu og fá laun sín greidd í heimalandi sínu á talsvert lægri kjörum en lágmarkslaun hér á landi gera ráð fyrir. Þá er starfsemi og búnaður eins og ökutæki tryggð í heimalandi fyrirtækisins og óljóst hvaða tryggingavernd ferðamenn hafa gagnvart mögulegum atvikum. Fyrirtæki sem skráð eru hér á landi greiða virðisaukaskatt, launatengd gjöld og önnur opinber gjöld af sinni starfsemi. Þetta umhverfi býður erlendum fyrirtækjum upp á að stunda félagsleg undirboð og bjóða sína þjónustu langt undir því sem íslensku fyrirtækin geta gert.

Gera má ráð fyrir að a.m.k. 100 heilsársstörf erlendra starfsmanna hafi skapast í kringum erlendar hópþjálfingar hér á landi. Af þessu má ráða að hið opinbera verði af allt að 500 milljónum króna árlega, í formi opinberra gjalda vegna þess að ekki eru greiddir skattar af lágum launum erlendra bílstjóra hópþjálfinga. Þá er ótalið það fjárhagslega ómetanlega tjón sem ólögleg starfsemi annarra erlendra aðila sem stunda félagsleg undirboð hér á landi hefur.

Ákvæði frumvarpsdraganna

Í frumvarpsdrögunum sem hér eru til umsagnar er gert ráð fyrir nýrri skilgreiningu á tímabundnum gestaflutningum. **Samtökin benda á að orðalag 1. greinar er óskýrt eins og það kemur fyrir í frumvarpsdrögunum og þarf því að umorða.** Samtökin hafa neðangreindan skilning á innihaldi fyrstu greinar og benda á að það orðalag væri hentugra:

Þar er flytjanda sem hefur staðfestu í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagsvæðið en starfrækir starfsemi í öðru aðildarríki á grundvelli bandalagsleyfis veitt heimild til að starfrækja óreglulega ferþegaflutninga á vegum innanlands gegn gjaldi í allt að 10 samfellda daga í hverjum almanaksmánuði.

Boðaðar breytingar amlóði í baráttu við félagsleg undirboð

Í frumvarpsdrögum kemur skýrt fram að aðildarríkin sjálf eigi að afmarka og skilgreina hvað felist í tímabundnum flutningum í skilningi b. - liðar 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009. Í frumvarpsdrögum er reynt að afmarka og skilgreina þetta og reynt að setja skýrar heimildir til að framfylgja reglum á þessum sviði.

Samtökin lýsa undrun yfir hversu skammt er gengið með frumvarpsdrögum í þeirri viðleitni að útrýma félagslegum undirboðum í fólksflutningum. Samtökin telja afar brýnt að flutningsaðilum verði skylt að færa ökutæki úr landi eftir 10 daga notkun hér á landi. Að öðrum kosti verða flutningsaðilar með þrjú erlend ökutæki hér landi sem skipta á milli sín þremur 10 daga tímabilum innan mánaðar. Þannig mun boðuð aðgerð ekki skila árangri í þeirri viðleitni að koma í veg fyrir félagsleg undirboð og/eða ólöglega erlenda starfsemi.

Samtökin benda á að dönsk stjórnvöld hafa farið þá leið að setja ákvæði um útsenda starfsmenn í þarland [lög um ferþegaflutninga](#). Samtökin fara fram á að sambærilegt ákvæði verði sett í lög hér á landi þannig að skýr sé sú krafa að starfsmenn erlendra flutningsaðila séu á sambærilegum kjörum og innlendir starfsmenn njóta. Þá fara samtökin fram á að eftirlit með erlendum flutningsaðilum verði eftt til muna og að drög að reglugerð þar að lútandi verði kynnt samhliða framlagningu umrædds frumvarps.

Þær aðgerðir sem boðaðar eru í fyrirbyggjandi frumvarpi eru vissulega skref í rétta átt en eru að mati samtakanna amlóði í barátunni við félagsleg undirboð og erlenda ólöglega starfsemi. Til að ná árangri á þessu sviði þarf að fara í mun harðari og skýrari aðgerðir, ekki aðeins gagnvart ferþegaflutningum heldur þarf einnig að taka til hendinni gagnvart erlendum aðilum með atvinnustarfsemi hér á landi sem starfrækja ökutæki fyrir níu ferþega og færri og erlendum leiðsögumönnum sem hér starfa til langs tíma á vegum erlendra fyrirtækja. Stjórnvöld þurfa að jafna samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem skapa störf hér á landi og greiða opinber gjöld, t.d. skatta hér á landi, fyrr en síðar.

Samtökin lýsa sig reiðubúin til samstarfs við ráðuneytið um að efla samkeppnishæfni fólksflutninga innanlands og útrýma félagslegum undirboðum. Þá áskilja samtökin sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaðþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri